

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum og lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka (fullgilding spillingarsamnings).

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Rögnu Árnadóttur og Dís Sigurgeirsdóttur frá dómsmálaráðuneyti og Hallgrím Ásgeirsson. Umsögn barst um málið frá Alþýðusambandi Íslands.

Frumvarpinu er ætlað að breyta ákvæðum almennra hegningarlaga og laga um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka til samræmis við ákvæði alþjóðasamnings á sviði refsiréttar um spillingu. Með spillingarsamningnum er komið á samræmdum efnis- og málsmeðferðarreglum í samningsríkjunum varðandi tiltekin spillingarbrot. Þannig verða mútubrot, þ.e. mútugreiðslur og mútubágur, spilling í viðskiptalífi og svokölluð áhrifakaup refsínæm samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Samhliða afgreiðslu frumvarpsins er ráðgert að samþykkt verði tillaga til þingsályktunar flutt af utanríkisráðherra um fullgilding samningsins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Jónína Bjartmarz var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt álit þessu.

Alþingi, 20. nóv. 2003.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Guðrún Ögmundsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Katrín Júlíusdóttir.

Sigurjón Þórðarson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Sigurrós Þorgrímsdóttir.